

Stjórnarfundur nr. 19

29. apríl 2009 kl.16:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Guðríður Valgeirsdóttir, Friðrik Lunddal, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir

1. Fundargerð frá NKU/VD fundi 8. janúar sl.

Punktur þýddir af Guðríði Valgeirsdóttur:

Þróun tölvuvæðingar innan NKU.

FKK: Ættbókarskráning hefst væntanlega á netinu í apr./maí.

Samþykkt að dagsetja fund með tölvusérfræðingum frá öllum NKU löndunum til umræðu á möguleikum/þróun sameiginlegra netþjónustu. Framkv. stj. SKK Ulf Uddman tók að sér að finna dag fyrir fundinn í apríl

Upplýsingabásar á stærri viðburðum á Norðurlöndum fyrir aðildarlönd NKU.

FKK – jákvæð reynsla frá „Store Stokkholm“ og hafa þeir gert ráð fyrir rými fyrir slíkt á stærri sýningum í ár. Jákvætt að öll hundaræktarfélögin séu með bás/stand á „Nordvinner“ sýningum til kynningar á Norðurlandasamstarfinu og starfi félaganna í hverju landi.

Reynslan af breytingum í örmerkingum – ISO

Stjórn FCI mælir með að öll aðildarfélögin hafi tekið upp þá skráningu í síðasta lagi 2010.

Sömu vinnureglur innan NKU varðandi skráningu titila þ.e.a.s. landatitla sbr. IS CH

Norðmenn hikandi við breytinguna N yfir í NO (gæti skilist sem núll)

ISO kerfið virkar vel í Noregi og Finnlandi. Það fer í notkun í Svíþjóð 2010. Hvorki Noregur né Finnland munu breyta gömlum skráningum.

Samþykkt að hundaræktarfél. geri lista yfir það sem að þeirra mati sé í góðum farvegi og velti fyrir sér hvað þau vilja læra af starfi annarra félaga innan NKU. Fylgja því síðan eftir með heimsóknnum.

NKK og FKK vilja heimsækja SKK og kynna sér þeirra skráningarkerfi.

Önnur mál

Umræða um útgjöld og tekjur. Samþykkt að hvert land geri lista yfir 10 dýrustu útgjaldaliðina og 10 hæstu tekjuliðina og síðan fari fram samanburður milli landanna og nýta sér reynslu hvors annars.

Danmörk er með lista yfir 30 tegundir, sem þurfa sérstaka athygli við dóma.

Svíþjóð með lista yfir 47 tegundir, t.d. enskan bulldog og shar pei.

Finnar ætluðu að flytja mál um fyrrgreint á (sérfræðinga)dómarafundi í mars s.l.

2. Fundargerð frá NKU/AU 7. janúar 2009

Punktur þýddir af Guðríði Valgeirsdóttur:

Samræmdar sýningareglur á Norðurlöndum.

Fram eru komnar margar tillögur eftir langt vinnuferli m.a. frá vinnuhópi skipuðum á NKU fundi þar sem 1 fulltrúi hvers aðildarlands á sæti og breytingatillögur frá Leif-Hermann Wilberg formmanni sýningarnefndar FCI.

Á NKU fundi sem verður haldinn á Íslandi næsta sumar verður málið tekið fyrir og þar verður komið á framfæri upplýsingum um hvernig vinnunni miðar og endanleg ákvörðun svo tekin eftir fundinn á Íslandi.

Tegundaspurningar

Ólík vinnubrögð hjá aðildarlöndum NKU varðandi skráningu, skiptingu afbrigða innan sömu tegunda á sýningum, afhendingu á meistarastigum ofl.

Upplýsingar varðandi fyrrgreint eru komnar í eitt skal með upplýsingum frá NKK, SKK, FKK, DKK og verður einnig fyllt út af HRFÍ. Kom fram að á fundi 4.-5.11. muni stjórn FCI fjalla um hvort ólík litarafbrigði muni keppa um 1 cacib/teg./kyn t.d. dvergpúðlar 1 Cacib/kyn. Málið verður rætt aftur eftir fund stjórnar FCI. Kari Järvinen FKK upplýsti að stjórn FCI hafi áframsent erindið um „lita-Cacib“ til nefndar sem fjallar um ræktunarmarkmiðin innan samtakanna - Málið lagt til hliðar að sinni.

Norðurlanda meistaramót - fuglahundapróf

Skv. samþykkt frá 10.9.2008 tóku SKK að ath. með slíkt mót í Svíþjóð 2009.

Það átti að fylgja reglum FCI fyrir breska standandi fuglahunda og keppa um CACIT.

Ef menn verða sammála um reglur verður staðið fyrir slíkri keppni 2010 í Noregi, 2011 í Finnlandi og 2012 í Danmörku. Viðkomandi klúbbar (deildir) í Svíþjóð hafa ekki áhuga að standa fyrir Norðurlanda meistaramóti með núverandi kröfum. Hægt er að taka erindið upp aftur og þá hvort breyta eigi reglum.

Samþykkt. Erindið dregið til baka þar sem aðeins Noregur hefur áhuga á Norðurlandameistaramóti fyrir breska standandi fuglahunda 2009.

Nýr alþjóðlegur sýningarmeistaratitill

Erindi flutt af NKK. Hörð gagnrýni vegna tilkomu C.I.E. (alþjóðl.sýningarmeistaratitill) Stjórn NKK hefur áhyggjur af því að alþj.sýningarmeistaratitill án þess að gerð sé krafa um vinnueiginleika muni þýða óheppilega skiptingu margra hundateguna. Ekki síður varðandi sýningarmeistaratitillinn og þá ekki síst fyrir norsku og Norðurlanda tegundirnar þar sem heimalönd hundanna gera kröfu til veiðiárangurs. NKK vilja umræður innan NKU bæði varðandi innihald titlanna og ferli samþykktarinnar innan FCI. SKK vilja einnig samræmdar umræður um erindið.

SKK og NKK munu skrifa til stjórnar FCI með ósk um undanþágu fyrir tegundir sinna heimalanda sem eru viðurkenndar veiðihundategundir, elghunda, stövara og drevera. FKK ætla að taka upp viðræður við stjórn síns félags með sömu óskir varðandi finnskan stövara, finnskan spets og karelskan bjarnarhund.

Í rökum til FCI á að koma fram hin augljósa áhætta sem ákvörðun stjórnar FCI hefur. Er átt við þá gagnrýni sem er í Svíþjóð og Noregi um að hundaræktarfélögin meti of mikið útlit hundanna, sem hefur þau áhrif að háværar raddir heyrast um að segja sig úr SKK/NKK. Þar að auki segja SKK og NKK að þessar ákvarðanir séu ekki í samræmi við það sem kemur fram í lögum FCI í „ Article 2 Objectives

“The aim of the FCI are to encourage and promote the breeding and use of purebred dogs whose functional health and physical features meet the standard set for each respective breed and which are able to work and carry out different functions in accordance with the specific characteristics of their breed;”

Framkv.stjórnar Noregs og Svíþjóðar tóku að sér að skrifa bréf til stjórnar FCI sem var borið undir DKK og FKK áður en það var sent

Því næst umræður um sjálfa samþykktina og hvernig ferillinn hafi verið innan FCI.

NKU/AU sammála um að efni hennar hafi ekki verið borið undir aðildarlöndin né sýningarnefnd FCI, heldur hafi ákvörðunin eingöngu verið tekin af stjórninni. NKU hefur tilfinningu fyrir því að samþykktin hafi mikið fylgi í FCI löndum, ekki síst í Suður Ameríku og Asíu, einnig að þýðingarmikil aðildarlönd í Evrópu styðji samþykktina. En þar sem allt ferlið vinnur andstætt þeirri stefnu sem ný reglugerð FCI kveður á um var samþykkt að NKU muni undirbúa tillögu til aðalfundar FCI 2009 til þess að slíkt gerist ekki aftur.

Framkv.stjórn Noregs og Svíþjóðar var falið að útbúa tillögu sem fulltrúar SKK og NKK ákv. strax að samþykkja.

Samræmdar veiðiprófsreglur fyrir taxhunda í NKU löndunum

Samþykkt: Ganga úr skugga um að klúbbar um taxhunda Norðurlandanna viðurkenni veiðipróf hvors annars. NKU samþykkir sameiningu reglna fyrir taxa.

Frá sýningarnefnd SKK.

Sýninganefnd SKK fer þess á leit við NKU/AU að rætt verði um að aðeins dómara frá Norðurlöndunum dæmi hundategundir Norðurlandanna.

Tillagan rædd en ekki tekin ákvörðun.

Hvaða leið er best farin til þess að fá nýja dómara frá Norðurlöndunum til starfa.

Erindið rætt, en samþykkt að málið þurfi að leysast hjá þjóðlöndunum sjálfum.

Sýningaskrár.

Sent af SKK. Eru reglur/venjur sem segja svo til að ekki megi selja sýningaskrár á bílastæðum eða setja slíkar á internetið?

Málið rætt en engin ákvörðun tekin.

Samvinna varðandi skipulag/sýningar í norður Skandinavíu.

SKK sendir dagsskrá næstu sýninga til FKK og NKK til að athuga hvort slík samvinna gæti farið af stað.

Rannsóknarstofa fyrir feld og húðgreiningu.

FKK er í samningaviðræðum við finnska rannsóknarstofu til undirbúnings/athugunar fyrir sameiginlega rannsóknarstofu á Norðulöndum varðandi lyfjagreiningu.

Þjónusta á innri markaði – fyrirmæli frá EU

NKU sendir fyrirspurn um áhrif fyrirmælanna til Evrópudeildar FCI

Frá vísindanefnd NKU(NKU/VK) varðandi hvítan hjarðhund.

Tegundin var viðurkennd af FCI 2003. Hann kemur út af hvítum schäfferhundum, en FCI neitar skráningu á þeim ef hvítur schäffer kemur fyrir í ættbók í þrjá ættliði. Finnar fylgja reglum FCI varðandi tegundina en ekki DKK og SKK. NKK fara að reglum FCI þar sem það er mögulegt, en varðandi innflutta hunda geti verið hvítur schäffer bak við þá án þess að það komi fram í skráningarupplýsingum, þannig hundur verði skráður í NKK.

Vísindanefnd lýsir óánægju sinni yfir reglum FCI sem ekki séu sama eðlis og sýn Norðurlandanna á heilbrigða hundarækt og óska eftir umræðum um málið innan NKU.

NKU/VK tillaga var ekki samþykkt. Norðurlöndin meðhöndla að svo komnu máli óbreytt innflutning af tegundinni.

Erindi frá NKU vísindanefnd (NKU/VK) fundur í október 2008. Ákvarðanir

v. bólusetninga og vönnar.

a) Ákvarðanir v.bólusetninga í prófum og keppnum - sameina reglur

b) Ákvarðanir vegna vönnar í prófum og keppnum – sameina reglur

Ekki er búið að ljúka vinnunni við sameiningu á reglum varðandi bólusetningar.

Einnig kom fyrirspurn vegna áður sents erindis vegna hvolpafullra tíka/tíka á hvolpum og hvort vanaðir rakkar megi koma á sýningar.

Þessi atriði verða tekin með í sameinaðar sýningareglur NKU landanna.

Nýtt frá NKU löndunum

Nýr formaður er tekinn við hjá FKK: Helena Suni.

Rætt um möguleikana á meiri samvinnu varðandi 30 mílna regluna frá FCI.

Þ.e.a.s. að það sé 30 mílna vegalengd á milli þeirra staða sem bjóða upp á alþjóðlegar sýningar.

Tegundin Plott er nú skráð í Svíþjóð með fimm hundum. Þessi tegund er ekki viðurkennd af FCI.

Tegundin viðurkennd af NKU/AU og tilheyrir hún FCI tegundahóp 6

Önnur mál

Norðurlanda meistaraþingin 2009 í Freestyle mun ekki fela í sér „ Heelwork to Music“ og verður farið eftir þeim reglum sem NKU/AU hafa þegar samþykkt.

Næstu fundur verður haldinn 21.8.2009 á Íslandi.

3. MAST – skapgerðarmat fyrir innflutta hunda

4. Bréf frá félagsmönnum varðandi skapgerðarmat MAST

Hundaræktarfélag Íslands hefur ekki verið í samvinnu við MAST varðandi ákvörðun á viðkomandi skapgerðarmati né takmörkun á innflutningi á ákveðnum hundategundum.

Stjórn HRFÍ er sammála um að vinna í málinu þ.e. fyrir viðkomandi hundaeigendur og fylgja því eftir.

5. Bréf frá Papillondeild 23. apríl sl.

Stjórn papillondeildar óskar eftir nafnabreytingu á deildinni. Óska eftir að deildin heiti nú papillon- og phalenedeild. Tillagan kom upp á aðalfundi deildarinnar og var svo samþykkt einróma af stjórn papillondeildar á þeirra fyrsta fundi.

Samþykkt.

6. Fyrirlestur í boði Royal Canin

Fyrirlestur fyrir félagsmenn HRFÍ um skyndi- og áfallahjálp hunda verður í Gerðubergi föstudaginn 15. maí n.k. frá kl. 18:00 til 21:30. Fyrirlesturinn er í boði Royal Canin/Dýrheima ehf. Fyrirlesarar eru Isabelle Goy-Thollot dýralæknir og Katrin Oblikas.

Skráning fer fram á skrifstofu HRFÍ eða á netfangið hrfi@hrfi.is fyrir 11. maí.

Isabelle Goy-Thollot DVM: Útskrifaðist sem dýralæknir frá dýralæknaháskólanum í Alfort í Frakklandi árið 1989., lauk doktorsprófi í dýralækningum árið 1992 og vann við sama skóla á árunum 1989 og 1991 þar sem hún sérhæfði sig í gæludýrum. Árið 2000 stofnaði hún SIAMU við dýralæknaháskólann í Lyon, en það er sú deild sem annast gjörgæslu, bráðamóttöku og svæfingar dýra og lauk PhD prófi árið 2005. Í dag veitir hún bráðamóttökudeild skólans forstöðu jafnframt því að stýra og bera ábyrgð á kennslu í neyðarmóttöku og gjörgæslu gæludýra. Isabelle var forseti evrópsku samtakanna um neyðarmóttöku og gjörgæslu gæludýra (EVECCS) á árunum 2005 – 2008, á sæti í ritstjórnnum fjölmargra tímarita og dýralæknasamtaka í Frakklandi, en aðaláhugamál hennar eru fjölskyldan, lestur, gönguferðir og ferðalög.

Katrin Oblikas DVM: Útskrifaðist frá Landbúnaðarháskóla Eistlands 1993. Eftir að hafa starfað í nokkur ár á litilli stofu fór hún að vinna með Royal Canin í Eistlandi. Frá árinu 2007 hefur hún unnið sem svæðisstjóri í vísindalegum samskiptum fyrir austur og mið Evrópu.

7. Bréf frá Fjár- og hjarðhundadeild

„Á Aðalfundi Fjár og hjarðhundadeildar 19 mars 2009, varu samþykktar "Almennar reglur um Smalaeðlispróf og fjárhundapróf Hrfí".

Stjórn hefur lagfært orðalag og sendir hér með til samþykktar Almennar reglur um Smalaeðlispróf og fjárhundapróf Hrfí.

Stjórn deildarinnar lagfærði Smalaeðlispróf Hrfí og tók út að hægt sé að nota nautgripi eða geitur við prófið. Til samræmingar við nýjar reglur.”

Samþykkt. Setja á vefsíðuna okkar undir reglur félagsins.

8. Skýrsla frá Skapgerðarmati fyrir 2008

9. Fulltrúaráðsfundur 29. apríl n.k.

Fundarboð var sent út 16. apríl sl.

Fundarefni:

- Fulltrúi frá Matvælastofnun/ MAST mætir á fundinn og kynnir hert innflutningseftirlit með hundum s.s. strangari kröfur um skapgerðarmat.
- Stýrihópur frá skapgerðarmati
- Fréttir frá stjórn

10. Aðalfundur 13. maí

Tillaga á aðalfund barst þann 21. apríl frá Guðríði Magnúsdóttur:

„Að boðið verði upp á utankjörfundarathvæðagreiðslu, vegna kostninga á Aðalfundi HRFÍ, og að tillagan fái frekari útfærslu hjá Stjórn HRFÍ.og henni verði komið á fyrir næsta aðalfund

greinagerð / þetta er félag allra hundaeigenda, eins og félagið segir sjálft og ekki eiga allir heimangengt til að geta nýtt athvæðarétt sinn, og í félagi sem ríkir á landsvísu þá á þetta að vera sjálfagt mál að koma þessu í framkvæmd hvort sem notast verði við netkostningar eða bréfastöðingur eða eitthvað betra”

11. Bréf frá DÍF – óskaniðurstaða á skapgerðarmati fyrir íslenskan fjárhund

Stjórn HRFÍ óskar eftir nánari útskýringum á vinnu við skapgerðamat fyrir íslenskan fjárhund.

Ekki hefur borist svar frá DÍF – Valgerður ítrekaði 14. apríl.

12. Aðalfundir ræktunardeilda

Ræktunardeild	fundur	ársskýrsla
Boxerdeild	22. apríl	
Cavarlierdeild	17. mars	skilað

Chihuahuaeild	10. mars	skilað
DÍF	6. apríl	
Ensk cocker spanieldeild	27. mars	
Fjár- og hjarðhundadeild	19. mars	skilað
Fuglahundadeild	6. apríl	skilað
Grefil- og sporhundadeild	23. mars	
Írsk setterdeild	31. mars	skilað
Mjóhundadeild	21. mars	
Papillon og phalenedeild	3. mars	skilað
Pincher-, mastiff- og fjallahundadeild	9. mars	
Retrierverdeild	18. mars	
Schäferdeild	31. mars	skilað
Schnauzerdeild	7. maí	
Shih tzu deild	26. mars	skilað
Smáhundadeild	30. mars	
Spanieldeild	7. apríl	
Spitzhundadeild	28. mars	
Terrierdeild	16. apríl	
Tíbet spanieldeild	21. mars	skilað
Vorstehdeild	6. febrúar	skilað
Ípróttadeild	14. apríl	skilað
Unglingadeild	6. apríl	
Svæðafélag Norðurlands	24. mars	

13. Samantekt aðalfundar ípróttadeildar

14. Dreifibréf 33/2009 frá FCI

15. Önnur mál

- **Sólheimakot**

Þann 29. apríl kom kvörtun frá Blindrafélaganinu um hræðilega umgengni í Sólheimakoti en þau fengu húsið lánað. Þau þurftu að þrifa eftir þá sem voru þarna síðast en um síðustu helgi átti Fuglahundadeild pantað kotið á laugardeginum og retrieverdeild á sunnudeginum.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem okkur berst kvörtun, sérstaklega eftir helgarnar!

Umsjónamenn kotsins þurfa að aðhafast eitthvað í málunum með því t.d. að vera í sambandi við viðkomandi deildir. Þessi umgengni er óásættanleg með öllu.

Einnig hefur verið kvartað undan veginum. Þarf að koma í lag fyrir augnskoðunina 8. – 9. maí n.k.

16. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 6. maí.